



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Tjarnarbraut 39e · 700 Egilsstaðir · Sími 470 3800 · ssa@ssa.is · www.ssa.is

Austurlandi, 27. nóvember 2020

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) mál 39, um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) vill í þessu samhengi ítreka afstöðu sína sem fram hefur komið í ályktunum samtakanna undanfarin ár og tengjast málefnum Reykjavíkurflugvallar.

SSA vekur athygli á mikilvægi innanlandsflugs fyrir landshlutann. SSA krefst þess að Reykjavíkurflugvöllur verði til framtíðar staðsettur í Vatnsmýrinni sem taki mið af þeirri staðreynd að stór hluti landsmanna þarf að sækja nauðsynlega þjónustu til höfuðborgarinnar með flugsamgöngum, m.a. heilbrigðisþjónustu. Hefja verður framkvæmdir við uppbyggingu samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkurflugvöll til að tryggja samþættingu allra samgangna innanlands.

Ofangreint tilkynnist hér með

F.h. stjórnar SSA,

Jóna Árný Þórðardóttir